

Árt - Upplýsingatækni 4.GS

Kennarar: Rakel Ósk Þorsteinsdóttir

Markmið með þessari lotu er að:

Vinna samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla í upplýsinga- og tæknimennt.

Námsgögn sem við notum:

Notaðar verða tölvur og spjaldtölvur við vinnuna í upplýsinga- og tæknimennt.

Í tengslum við verkefnavinnu og markmið tengjum við námsvefi og forrit sem hæfa efninu hverju sinni og tengjast þeim markmiðum sem verið er að vinna með.

Nemendur læra á office forritin:

- word - ritvinnsla
- powerpoint - glærugerð
- excel - töflureiknir

Í spjaldtölvum læra nemendur m.a. að nota:

- box island og scratchjr - forritun.
- movie maker - myndvinnslugerð
- stop motion - hreyfimyndagerð
- book creator - bókagerð.

Kennsluhættir í lotunni:

Kennsluaðferðir sem unnið er eftir eru:

- leiðsagnarnám
- bein kennsla
- sjálfstæð vinna
- samvinna
- paravinna
- heimildavinna

Námsmat:

Unnið samkvæmt leiðsagnarnámi og stuðst við leiðsagnarmat í kennslustundum og endurgjöf gefin jafnóðum og verkefnum

Lýkur.

Nemendur metnir út frá hæfniviðmiðum við lok skólaárs.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- Beitt undirstöðuatríðum í fingrasetningum.
- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.
- Unnið með heimildir.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Tækni og búnaður

- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Sköpun og miðlun

- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4.bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.